



Alþingi
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2015
VEL2015030010

Efni: Umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (markmið, stjórnábyrging og almenn ákvæði). Þingskjal 393 – 322. mál.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fékk ofangreint frumvarp ekki sent til umsagnar en óskar hins vegar eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Í athugasemdum með því frumvarpi sem hér um ræðir kemur fram að núgildandi 50. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 hafi ekki verið beitt í framkvæmd svo vitað sé. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur hins vegar að heimild fyrir sveitarfélög til að hluti örorkubóta einstaklinga verði greiddar beint til sveitarfélags, í því skyni að standa skil á greiðslu húsaleigu, geti verið viðkomandi einstaklingum til hagsbóta og tryggt grunnþarfir þeirra. Sá hópur sem um ræðir eru einstaklingar í virkri neyslu sem hafa fengið úthlutað húsnæði í sérstökum búsetuúrræðum á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem ætluð eru einstaklingum í virkri neyslu. Reynslan hefur leitt í ljós að lítil hópur einstaklinga er ekki fær um að greiða húsaleigu eða annan nauðsynlegan kostnað. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur þá heimild sem er að finna í 50. gr. laga um almannatryggingar mikilvæga til aðstoðar þeim einstaklingum með það að markmiði að tryggja þeim húsnæði og aðrar nauðsynlegar þarfir. Að öðrum kosti mun velferðarsvið Reykjavíkurborgar segja upp húsaleigusamningi við viðkomandi einstaklinga.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar tekur undir það sem kemur fram í athugasemdum með frumvarpi því sem hér um ræðir að ekki sé ástæða til að fella umrætt ákvæði úr gildi enda um varúðarreglur að ræða. Þá leggur velferðarsvið Reykjavíkurborgar áherslu á að ávallt sé mikilvægt að hafa í huga að um undanþáguákvæði sé að ræða og það sé einungis notað þegar allar aðrar leiðir hafa verið reyndar. Það er því mikilvægt að heimildin sé skýr.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar vill jafnframt taka undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvað varðar endurgreiðslu fjárhagsaðstoðar sem sveitarfélög veita einstaklingum sem bíða afgreiðslu umsóknar um örorkulífeyri eða endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun. Styður velferðarsvið Reykjavíkurborgar því þá tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga að við 50. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar bætist við ákvæði þess efnis að Tryggingastofnun skuli við fyrstu greiðslu til umsækjanda, þegar greitt er aftur í tímann, endurgreiða viðkomandi sveitarfélagi þá fjárhæð sem það hefur veitt umsækjanda frá þeim tíma þegar umsókn var lögð inn til stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar


Bára Sigurjónsdóttir,
lögfræðingur